

Dags eftirlits	11.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf., Núpum III	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Núpum III, Ölfusi	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Orri Filippusson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	390484,225 387985,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirliti.

Premur eldri frávikum er lokað en þau snéru að sýnatökum og mælingum í takt við vöktunaráætlun stöðvarinnar og einnig viðhaldi og viðgerðum á hreinsivirki í frárennsli stöðvarinnar.

Einni ábendingu um árekstrarvarnir við olúgeymi var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Eftirlitið hófst þann 11. október sl. á „teams“- fundi. Mætt voru Heiðdís Smáradóttir verkefna- og gæðastjóri fiskeldis og Orri Filippusson stöðvarstjóri í stöðinni á Núpum III. Vettvangsheimsókn sem stóð til að fara í síðdegis sama dag frestaðist og var farið í fiskeldið þann 20. október sl. og tók Ingvar Örn Arnarson á móti eftirlitsaðila og sýndi stöðina. Boðuð dagskrá:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.
2. Olíumannvirki. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – nýtt starfsleyfi frá 11. maí 2020.
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.

Eitt opið frávik frá árinu 2019 var skoðað. Í eftirlitsskýrslu frá 2019 var fundið að því að vantaði upp á mælingar sem fram áttu að fara í frárennsli stöðvarinnar á fyrra ári. Vöktunaráætlun hafði ekki verið fylgt. Rekstraraðili viðurkenndi það og útskýrði með eldsvoða sem varð í stöðinni í júní 2018 setti sýnatökur úr skorðum. Lagði rekstraraðili til í úrbótaáætlun að næstu sýnatökur og mælingar á losun í frárennsli verði í samræmi við nýja vöktunaráætlun. Niðurstöðum mælinga svo skilað fyrir 1. maí 2020. Ekki voru gerðar athugasemdir við gagnaskil á árinu 2020 og því er frávikinu lokað.

Tvö opin frávik frá síðasta ári voru á dagskrá. Úttekt á úrbótum skyldu nú fara fram. Bæði snúa að hreinsivirki í frárennsli. Skoðaður var söfnunartankur nr. 1 og reyndust viðgerðir á tankinum í lagi og því er frávikinu lokað. Eins var dæla sem flytur efni á milli söfnunartanks nr. 1 og söfnunartanks nr. 2 skoðuð en hún var biluð þegar eftirlit fór fram á árinu 2020. Dælan er á kafi í frárennsli vatni og ekki hægt að skoða hana sérstaklega en samkvæmt fulltrúa rekstraraðila er kerfið í ágætu lagi og því er frávikinu lokað.

Skoðað var hvort ábendingu eftirlitsaðila hafi verið sinnt. Skipt hefur verið um olúgeymi stöðvarinnar. Nýr 1200 lítra neyslugeymir er nú við varaafstöð fiskeldisstöðvarinnar. Geymirinn er í lekavarnarþró.

Olíublautt sag sem var á gólfi undir rafstöð hafði verið hreinsað upp og sent í spilliefnamóttöku.

2. Olíumannvirki. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Daggeymir (húsageymir) er í rafstöðvarhúsi. Utandyra er 1200 lítra neyslugeymir. Geymirinn er í lekavörn og með afgreiðslubýssu til áfyllingar á daggeymi varaafsstöðvarinnar og eins á tæki stöðvarinnar. Geymirinn er ágætlega staðsettur en minnt er á kröfur um árekstrarvarnir. Rekstraraðili hefur skilað skráningarblaði vegna olúgeyma og verður því komið til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem heldur utan um skráningar á stökum olúgeymum.

3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar

Nýtt starfsleyfi fyrir stöðina var gefið út 11. maí 2020 en eldra starfsleyfi var frá árinu 2007. Fjórar skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun, áætlun um meðhöndlun úrgangs og vöktunaráætlun vegna vöktunar á áhrifum fiskeldisstöðvarinnar á nánasta umhverfi sitt þ.m.t. vatnshlotið Sandá nr. 103-791-R. Allar tilskyldar áætlanir liggja fyrir.

Mæla skal og reikna út losun í viðtaka og má fosfór ekki fara fram úr 7 kg/tonn/ári og köfnunarefni ekki fara yfir 60 kg/tonn/ári. Hreinsivirki skal ná 70% af svifögnum úr frárennslinu áður en það er losað í viðtakann. Mæla skal svifefni og lífrænt efni í frárennslinu á árinu 2021 og aftur árið 2022 og síðan á þriggja ára fresti. Sýnataka skal fara fram þegar lífmassi í stöðinni er í hámarki. Eins skal taka sýni og mæla í samræmi við vöktunaráætlun stöðvarinnar.

Árleg gagnaskil eru fyrir 1. maí ár hvert og skal senda eftirlitsaðila skýrslur með ársyfirliti og umhverfisupplýsingum

stöðvarinnar. Í grein 4.1 í starfsleyfi eru upplýsingar um hvaða atriði skal skrá og nota í ársyfirlitið.

4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2020 féll stöðin í áhættuflokk B og er því í árlegu eftirliti hjá stofnuninni.

Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en uppfært áhættumat verður notað við gerð eftirlitsáætlunar sem stofnunin notar næsta ár.

5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Framkvæmdir standa yfir við endurnýjun lagna í lóð stöðvarinnar og eins er unnið að aukinni vatnsöflun. Nokkur endurnýting eldisvatns á sér stað en fyrirhugað er að auka endurnýtingu með hreinun vatns í tromlusíum, loftun á koltvísýringi og íblöndun á súrefni.

Sápur og sóttreiniefni eru notuð við þrif á kerjum, einkum Hydraclean, Formalín, Ovadine, Bio Gel og Viroid. Helstu lyf eru svefnlyf og bóluefni gegn fisksjúkdómum.

Í samræmi við ákvæði í grein 3.12 í starfsleyfi hefur verið útbúin læst efnageymsla með steinsteyptu undirlagi. Fyrirhugað er að öll innkaup á hættulegum efnum verði í 20 lítra plastumbúðum eða smærra. Þegar 210 lítra formalíntunnur verða tómar, verða þær fjarlægðar og í efnageymslunni komið fyrir efnapólum hillum með lekabyttum fyrir efnavörur stöðvarinnar.

Engin mengunaróhöpp né slys hafa orðið á árinu og engar kvartanir vegna starfseminnar (hávaði eða lykt) hafa borist.

Brugðist var við COVID19 með því að fækka seiðum í stöðinni. Fóðurstuðull bleikju á árinu 2020 var 0,96 en fyrir lax var hann 1,22.

Vettvangsheimsókn

Vegna veikinda dróst vettvangsheimsókn til 20. október sl. Ingvar Örn Arnarson var fulltrúi rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson mætti frá Umhverfisstofnun.

Sest var snöggvast inn á skrifstofu og farið yfir breytingar og framkvæmdir sem lokið er og enn eru í gangi. Endurnýjun vatnslagna stendur yfir og eins er unnið að aukinni vatnsöflun úr Gvendarbrunnnum svæðisins. Nýtt hús og stærra er risið á grunni þess sem brann árið 2018 og stækkað til suðurs. Innrétt verður skrifstofa, fóðurgeymsla, rannsóknarstofa, efnageymsla og salerni í nýja húsinu. Framkvæmdir eru líka hafnar við endurnýjun frárennslislagna og aðstöðu fyrir hreinsun á eldisvatni í viðbótar-tromlusíum syðst á athafnasvæði stöðvarinnar við útikerin.

Skoðaðar voru viðgerðir á hreinsivirki í frárennsli, bæði viðgerð á frárennsliskeri sem var brotið síðast þegar komið var í eftirlit og eins var skoðuð dæla og búnaður sem flytur vökva á milli settanka 1 og 2. Ekki var betur séð en að búnaður væri í lagi og því hægt að loka frávikum eins og kemur fram framar í skýrslunni.

Skoðaður var nýr olúgeymir við varaafstöð stöðvarinnar. Snyrtilegur geymir í lekavarnarþró. Bent var á að ef geymirinn er í akstursleið bíla og tækja skal setja upp árekstrarvarnir til samræmis við kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, grein 25.

Tólf gráhegrar voru á tjörnum við vatnstökusvæði stöðvarinnar í Sandá.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent var á að ef olúgeymirinn er í akstursleið bíla og tækja skal setja upp árekstrarvarnir til samræmis við kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, grein 25.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.11.2021



Gottskálf Friðgeirsson